



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



### FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 03.03.2015

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun og Embætti Sóttvarnlænis.

#### Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði

#### Fundargerð

##### Niðurstaða fundarins:

- Vísindamenn vinna nú að úrvinnslu gagna og athugunum á umbrotasvæðinu til að endurmeta gildandi hættumat. Ákveðið var á fundinum að taka næstu viku í það verkefni og mun Vísindamannaráð almannavarna funda næst þriðjudaginn 10. mars og í framhaldi af því verða ákvarðanir um breytingar á hættumati og lokunarsvæði teknar.

##### Staðan:

- Eldgosinu í Holuhrauni lauk á föstudaginn 27. febrúar.
- Áfram dregur mjög úr jarðskjálftavirkni í Bárðarbungu. Aðeins mældist einn skjálfti stærri en M2,0 frá því á laugardag, en hann var M2,3 í gær mánudag kl. 04:08. Alls hafa mælst um 60 skjálftar frá því á laugardag.
- Í kvikuganginum hafa mælst um 120 skjálftar frá því á laugardag. Sá stærsti mældist M1,6 að stærð á sunnudag kl. 02:10. Heldur meiri jarðskjálftavirkni mælist í kvikuganginum sem líklega er afleiðing þess að þrýstingur minnkar.
- Við Tungnafellsjökul mældust 3 skjálftar, um 30 skjálftar við Herðubreið og 2 í Grímsfjalli. Allir skjálftarnir voru minni en M2,0 að stærð.
- Óverulegar jarðskorpuhreyfingar mælast á svæðinu.

##### Loftgæði:

- Enn mælist gasmengun við og yfir hraunbreiðunni. Áfram er búist við gasmengun við eldstöðvarnar og því verður fylgst vel með gasmælingum og gefnar út gasspár ef þurfa þykir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er gulur fyrir Bárðarbungu.
- Næsti fundur Vísindamannaráðs verður þriðjudaginn 10. mars, 2015.